

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	18.5.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Gunnarsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Í eftirliti komu fram tvö frávik er varða magn úrgangs til urðunar og skil á skráningum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2)
- Samráðsfundur – og kynningarfundur (gr. 1.9)
- Eldur í urðunarrein
- Önnur mál

Farið var yfir umfang starfseminnar og stöðuna á umfangi urðunar. Rekstraraðili hefur unnið að því að draga úr magni úrgangs til urðunar með ýmsum leiðum, s.s. að koma úrgangi í endurvinnslu og útflutning. Árið 2021 voru urðuð 96.272 tonn á urðunarstaðnum í Álfsnesi sem er um 25% umfram heimild starfsleyfisins, en árið 2021 var heimilt að urða 77.000 tonn á urðunarstaðnum og minnkar enn frekar árið 2022 og 2023 þegar heimildin er 38.000 tonn.

Rætt var um samráðs- og kynningarfundi ársins sem stefnt er á að halda á haustmánuðum.

Farið var yfir atvik sem varð þann 22. apríl sl. þegar eldur kviknaði í urðunarreininni í Álfsnesi. Rætt var um orsakir atviksins, viðbrögð rekstraraðila og hvort endurskoða þyrfti verklag vegna elda í reininni. Fram kom að vart hefði orðið við eldinn fljótlega eftir að hann kviknaði og greiðlega gengið að slökkva hann.

Einnig var rætt um í eftirlitinu hvernig skráningum úrgangs væri háttáð og m.a. hvort rétt væri staðið að skráningum úrgangs sem fer í endurvinnslu. Þá var rætt um virkni hreinsikerfis urðunarstaðarins fyrir sigvatn og hvort ástæða væri til úrbóta á því kerfi.

Farið var í skoðunarferð að setþró urðunarstaðarins þar sem unnið var að endurbótum á skúr sem er við þróna. Jafnframt var skoðuð staðsetning á borholu sem notuð er fyrir tilraunir með niðurdælingu koldíoxíðs.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Árið 2021 var heimilt að urða 77.000 tonn en urðuð voru 96.272 tonn sem er 25% umfram heimild starfsleyfisins.

Gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2021 bárust eftirlitsaðila 18. maí.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2022



Sigríður Magnúsdóttir

